# Landssamband fiskeldisstöðva

2/2

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 130/2170*
*komudagur 27.4. 2004*

Nefndarsvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2004

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

LF leggur til að 7. grein, 23. gr. laganna breytist þannig að LF tilnefni einn fulltrúa í háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands og hann komi í staðin fyrir annan af tveimur fulltrúum Bændasamtaka Íslands.

***Skýring***
LF telur eðlilegt og í samræmi við þróun skólahalds á seinni árum að fulltrúar frá framleiðslugreinunum verði tilnefndir til háskólaráð stofnunarinnar sem þjónustar greinina með menntun starfsmanna og rannsóknum.

Mikill vöxtur er í fiskeldi á Íslandi og hann verður áfram á næstu árum. Reiknað er með að mikil þörf verði fyrir rannsóknir í greininni og menntun nýrra starfsmanna fyrir fiskeldi. LF telur því brýnt að þessi breyting á 7.gr. nái fram að ganga.

LF gerir ekki athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins.

Virðingafyllst,

F.h. Landssambands fiskeldisstöðva,

Guðbergur Rúnarsson
framkvæmdastjóri

Landssamband fiskeldisstöðva, Borgartúni 35, 105 Reykjavík.
Sími 591 0360, Fax 591 0358, tölvupóstur lfh@lfh.is, heimasíða www.lf.is